

Mál nr. 17/2018**M og
váttryggingafélagið V v. áhafnartryggingar skipsins A.****Slys á sjó 5.11.2013. Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.1.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
2. Bréf V dags. 23.1.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M slasaðist um borð í A 5.11.2013 þegar M var á leið niður stiga og rann til og féll og slasaðist. M leitaði til læknis sama dag vegna verkja í vinstri öxl og voru teknar röntgenmyndir en ekki talið ástæða til að aðhafast frekar. M leitaði síðan til læknis 11.12.2013 og fékk sterasprautu. Þ. 28.8.2015 leitaði M enn til læknis vegna verkja í vinstri öxl og vildi þá fá aðra sprautu, sem hann fékk, en ekki var talin ástæða til frekari aðgerða. M var í sjúkráþjálfun en leitaði síðan til læknis 18.8.2017. Þá kom í ljós við segulómun töluverðar slitbreytingar á öxlinni og rifa í sin. V var tilkynnt um slysið þ. 1.11.2017. M krefst bóta úr áhafnartryggingu A hjá V og byggir á því að slysið hafi ekki verið tilkynnt of seint sbr. 1.mgr. 124 gr. laga um váttryggingasamninga og segir að hann hafi ekki fengið viðeigandi rannsókn sem gaf honum tilefni til að álíta að um varanlegar afleiðingar væru af slysinu fyrr en 18.8.2017 þegar hann leitaði til læknis og sá að um slitbreytingar og rifu á sin var að ræða eftir að hafa sent M í segulómun. V hafnar bótaskyldu og segir slysið hafi verið tilkynnt eftir að ársfrestur var liðinn skv. 1.mgr. 124.gr. vsl. og telur að M hljóti að hafa verið ljóst að um varanlegt líkamstjón var að ræða, við læknisheimsókn 28.8.2015 og haft upplýsingar um atvik sem M gat byggt bótakröfu sína á. Í því sambandi verði að líta til þess að M hafi haft stöðug einkenni frá vinstri öxl frá slysdegi, sem lýsti sér m.a. í hreyfiskerðingu og verið í meðferð hjá sjúkráþjálfara og í stöðugri meðferð og þegið sterasprautur.

Álit.

M varð fyrir slysi 5.11.2013, sem var tilkynnt til V 1.11.2017. Um er að ræða nær fjögur ár frá því að slysið varð þangað til slysið var tilkynnt V. Ljóst er af gögnum í málinu einkum læknisfræðilegum gögnum, að M var að reyna að harka af sér og við læknisheimsókn 28.8.2015 segir í vottorði læknis, að M hafi fengið sterasprautu og hún hafi virkað vel og hann vilji gjarnan reyna þá meðferð aftur. Af því verður helst ráðið að á þeim tímapunkti þ.e. 28.8.2015 að M hafi talið að hann gæti enn náð bata með því að fá sterasprautu. Varhugavert er því að ætla að þá hafi M búið yfir vitneskju um það að tjón hans vegna slyssins yrði varanlegt. Næst leitar M til læknis 18.8.2017 og þá er framkvæmd segulómun sem sýnir ákveðna varanlega áverka vegna slyssins. Af gögnum málsins virðist því mega ætla að M hafi ekki verið meðvitaður um að tjón hans væri varanlegt fyrr en eftir læknisheimsókn sína 18.8.2017 og hann gæti gert bótakröfu í áhafnartryggingu A hjá V, tilkynning M til V um slysið 1.11.2017 var því innan tímamarka sbr. 1.mgr. 124. gr. váttryggingasamningalaga og á M því rétt á bótum úr áhafnartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr áhafnartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9.2. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.